

Utan dagskrár

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég leyfi mér að óska eftir því að forseti leiti afbrigða hér á eftir til að taka eftirfarandi tillögu á dagskrá:

Borgarstjórn samþykkir að árið 2010 verði tileinkað velferð barna í Reykjavík.

Og óska ég um leið eftir því að tillagan verði tekin á dagskrá þegar fyrsta dagskrárlið er lokið og mun ég þá skýra hana betur út.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið við að gera grein fyrir tillögu sem hann hefur óskað eftir að forseti leiti afbrigða til að taka á dagskrá eftir að umræðu og afgreiðslu 1. liðar útsendrar dagskrár er lokið en þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.